Uppbygging málörvunartíma

Ásthildur Bj. Snorradóttir, talmeinafræðingur

Snemmtæk íhlutun er afmarkað fræðasvið. Sérfræðingar hafa gert sér grein fyrir því að hægt sé aðhafa áhrif á þroskaframvindu barna og undirbúning fyrir nám með ígrunduðum aðferðum (Weitzman og Greenberg, 2002; Tryggvi Sigurðsson, 2006). Heilastarfsemin hjá ungum börnum er ekki fullmótuð og börn eru næmari fyrir íhlutun á yngri árum. Þetta þýðir að því fyrr sem málþroskafrávik eru greind og skilgreind er hægt að draga úr, eða jafnvel koma í veg fyrir, námserfiðleika síðar á lífsleiðinni. Með breyttum verkferlum sem leggja áherslu á snemmtæka íhlutun er hægt að hjálpa börnum með málþroskafrávik. Það á bæði við börn með málþroskaröskun og einnig börn sem eru greind á einhverfurófi eða með aðrar fatlanir sem að hafa í för með sér frávik í málþroska.. Eitt af því mikilvægasta í málörvun er að læra sjálfstjórn, kunna undirstöðuþætti fyrir boðskipti, hafa innsýn inn í eigin vanda og ná árangri í málörvun. Þessir þættir tengjast stýrivirkni heilans. Í uppbyggingu málörvunarstunda er mikilvægt að nota aðferðir sem hafa áhrif á þessa virkni með aukinni samvinnu og þekkingu á hvaða aðferðir er best að nota í þjálfun og einnig að velja málörvunarefni við hæfi.

Málskilningur er háþróuð færni sem byggist á heyrnar- og sjónskyni. Þegar börn læra að lesa þurfa þau að geta byggt á ákveðnum grunni til þess að geta gert sér í hugarlund þær aðstæður sem þau lesa um. Börn með málþroskafrávik eiga oft erfitt með að þekkja tilfinningar og skilja tengsl orsakar og afleiðingar, sem getur haft áhrif á getu þeirra til þess að túlka lestexta síðar á ævinni. Þá getur þetta haft áhrif á færnina við að búa til skema sem er mikilvægt fyrir mál- og lesskilning (Brinton og Fujiki, 2006; Westby, 2006). Þessi grunnur er lagður hjá ungum börnum í gegnum leik. Í leiknum búa þau til skema, einhvers konar innra handrit sem er geymt í minninu. Það sýnir tengsl hluta og alhæfða þekkingu tengda atburðum, aðstæðum, hlutum og texta (Singh og Kent, 2000). Táknrænn leikur og ímyndun sem þróast í hlutverkaleik byggir upp skema fyrir málskilning. Góður lesskilningur byggir síðan á málskilningi og orðaforða (Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2010).

Seinkun í leikþroska og orðaforða getur verið fyrsta vísbendingin um lestrarerfiðleika. Þau börn sem hafa góðan orðaforða hafa forskot í lestrarferlinu vegna þess að þau hafa fleiri orðmyndir. Niðurstöður sem fengist hafa með orðaforðagátlistanum Orðaskil (Elín Þöll Þórðardóttir, 1998) sýna að meðaltal virks orðaforða stúlkna við 24-25 mánaða aldur er 366 orð, en 268 orð hjá drengjum. Þessar niðurstöður gefa verðmætar upplýsingar sem mikilvægt er að byggja á þegar unnið er með orðaforða ungra barna. Hægt er að kortleggja virkan orðaforða hjá börnum með því að leggja fyrir orðaforðagátlista og þroskalista sem meta mál ungra barna (Elín Þöll Þórðardóttir 1998; Rosetti, 2005). Talmeinafræðingar geta metið frávik í orðaforða hjá tveggja ára gömlum börnum og yngri með því að bera saman hvað er eðlilegt að vera með mörg orð á valdi sínu á mismunandi aldursbilum.

Það nýjasta í fræðimannasamfélaginu er mikil áhersla lögð á að kortleggja frávik barnsins til þess að geta veitt íhlutun við hæfi („ tracing the pathways“) og samvinnu sérfræðinga. Ekki er einblínt eingöngu á hvaða heilkenni barnið hefur greinst með, heldur hvað liggur til grunda-

vallar heilkenninu til þess að geta styrkt taugabrautir með íhlutun. Kennarar og annað fagfólk þarf að kunna að setja upp aðstæður til að styrkja taugatengingar sem liggja til grundvallar fyrir hljóðkerfisvitund, orðaforða, setningamyndun og öðrum málþáttum (Hulme og Snowling, 2011).

Eitt af því sem að þarf að vera til grundvallar allri þjálfun er að skoða hvort að barnið hafi sjálfstjórn og kunni undirstöðuþætti fyrir boðskipti s.s hlusta, horfa, bíða, passa hendur, gera til skiptis, sameina athygli viðhafa sjálfstjórn og geta munað það sem sagt er. Einnig þarf barnið hafa innsýn inn í eigin vanda og geta gert sér einhverja grein fyrir af hverju það þarf að þjálfa það sem er verið að vinna með í málörvun og talþjálfun. Það er hægt að gera með því að útskýra fyrir börnum hugtök eins og að vera þolinmóðuður, einbeittur, kurteis o.s.frv. Þessir þættir hafa síðan afgerandi áhrif á þrautseigju, seiglu, og úthald sem eru lykilþættir til þess að líða vel og ná árangri í lífinu.

Til þess að ná árangri í málörvun þarf ítarleg greining á málþroskafrávikum að liggja fyrir. Síðan er mikilvægt að vinna með skilgreinda þætti málkerfisins út frá eðli vandans. Leggja þarf áherslu á að vinna út frá hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun og gagnreyndar aðferðir, með því að vinna út frá mælanlegum markmiðum í málörvun, meta árangur og stuðla að aukinni samvinnu fagstétta og foreldra. Eitt af því sem einkennir góðan kennara er sérfræðiþekking og reynsla. Það er ekki nóg að nota aðferðir sem eru gagnreyndar, heldur Þarf kennarinn að kunna að beita slíkum aðferðum ásamt því að meta árangur af því sem er verið að vinna með hverju sinni. Siðferðisvitund, virðing fyrir öðrum fagstéttum og samkennd þarf líka að vera til staðar. Í því ljósi er mikilvægt að vera með teymisvinnu eftir þörfum vegna þess að hver sérfræðingur metur barnið út frá sinni sérfræðiþekkingu.

Uppbygging málörvunartíma þarf að vera þannig að þörfum allra barna sé mætt, þannig að hóparnir mega ekki vera of stórir, þannig að öll börnin í hópnum fái að njóta sín. Einnig þarf að hjálpa börnum til þess að vera í tengslum við það sem unnið er þannig að það er mjög gott að brjóta málörvunarstundir upp í sjónrænar vísbendingar og kenna börnum félagslegar boðskiptareglur ásamt því að velja málörvunarefni við hæfi og hafa markmið með málörvunarstundinni á hreinu. Síðan en ekki síst þarf að lesa vel í boðskipti allra barnanna sem taka þátt í málörvunarstundinni og það á sérstaklega við um börn sem nota bendingar, látbragð og óyrt skilaboð til þess að koma hugsunum sínum á framfæri. Það mikilvægasta er síðan að vinna í gegnum leikaðstæður og að kunna að vekja áhuga barnanna á mismunandi verkefnum og áhugaverðum hlutum í nánasta umhverfi. Lykill að árangri í allri vinnu með ungum börnum er að þau hafi gaman af því sem er verið að gera hverju sinni og sýni gleði og öryggi í samskiptum. Einnig þurfa öll börn á viðurkenningu að halda og finna að þau eru samþykkt og elskuð eins og þau eru, en samt þarf að skapa tækifæri fyrir þau til þess að ná hámarksárangri hvað varðar sína getu varðandi mál og læsi.

Dæmi um markvissa uppbyggingu málörvunartíma

Stýritáknin/boðskiptareglur Bínu

Sbr. Sitja, passa hendur, passa fætur hlusta, horfa, tala, bíða, gera til skiptis, muna. Ramma stundina inn með því að gefa börnunum verkfæri til þess m.a. að auka sjálfstjórn, einbeitingu og úthald

Skipulag: verkefni, röð, val, umbun,

Fyrst – svo – síðan. Sjónrænar vísbendingar: Hlusta (velja hlustunarverkefni við hæfi), spila/leika (velja viðeigandi spil og leiki út frá málþáttum sem er verið að styrkja), bók (velja bók sem tengist markmiði málörvunarstundarinnar) , muna (rifja upp hvað var gert í málörvunarstundinni, hjálpa börnunum til þess að kalla úr minni orð og hugtök sem voru notuð í stundinni). Það er mikilvægt að hrósa börnunum fyrir sitt framtak

Það skiptir miklu máli að hafa markmið með málörvunarstundinni á hreinu. Vera meðvitaður um hvaða málþætti er verið að styrkja og velja málörvunarefni í samræmi við það og einnig að leggja alltaf áherslu á viðeigandi boðskipti og leggja áherslu að mæta þörfum allra barna. Einnig þarf að huga vel að stærð hópanna sem eru í málörvun og reyna að velja börn saman í hópa með svipuð frávik í málþroska. Það er einnig mikilvægt að leyfa börnum sem eru komin lengra og eru bráðger að fá að njóta sín í hópavinnu

Athafnir, tilfinningar, líðan, nám

Tala um athafnir og tilfinningar (hrósa meðvitað á ákveðnar athafnir (dæmi: mikið ertu duglegur/ur að bíða, einbeita þér, hlusta á aðra, vera þolinmóður, sitja kyrr, horfa, muna o.s.frv.) Hjálpa börnunum að fá innsæi inn í eigin vanda og vera meðvituð um hvað er ætlast til af þeim (styrkir málmeðvitund og stýrkivirkni heilans)

Barnið veit um uppbyggingu málörvunartímans og hvenær tíminn byrjar og endar

- Heilsa og kveðja
- Fara yfir boðskiptareglur
- Vera alltaf meðvitaður um hvaða málþætti er verið að vinna með og að börnin hafi innsýn inn í hvað er verið að æfa og hvað er ætlast til af þeim
- Leggja áherslu á að öll börnin í hópnum séu virkir þátttakendur
- Þakka fyrir sig
- Fara yfir skipulagið, nota sjónrænar vísbendingar
- Rifja upp hvað var gert/endurtekning (byrja, búinn)
- Læra heima: Ráðgjöf/samskipti við foreldra (senda verkefni heim með barninu sem að tengjast því sem er verið að vinna með í málörvuninni)

Heimildir:

Elín Þöll Þórðardóttir (1998). *Orðaskil: Málþroskapróf*. Reykjavík: Framsaga.

Singh, S. Og Kent, R.D. (2000). *Illustrated dictonary of speech, language pathology*. San Diego: Singular Publishing Group.

Weitzman, E.og Greenberg, J. (2002). *Learning lanaguage and loving it*. Toronto: The Hanen Centre

Ásthildur Bj. Snorradóttir. (2006). *Bína bálreiða*. Reykjavík. Salka.

Rosetti, L. (2005). *The Rosetti infant- toddler langage scale*. East Moline: LinguiSystems.

Tryggvi Sigurðsson. (2006). Snemmtæk íhlutun fyrir ung börn með málhömlun. *Talfræðingurinn, 19* (1), 5–7.

Brinton, B. og Fujiki, M. (2006). Social and affective factors in children with language impairment: Implication for literacy learning. C.A. Stone, E.R. Silliman, B.J. Ehren og K. Apel (ritstjórar). *Handbook of language and literacy: Development and disorders* (bls. 130–153.). New York: Guilford Press.

Westby, C. (2006). A language perspective on executive function: Metacognition and Selfregulation in reading. C.A. Stone, E.R. Silliman, B.J. Ehren og K. Apel (ritstjórar). *Handbook of language and literacy: Development and disorders* (bls. 398–428). New York: Gulford Press.

Hulme, C. og Snowling, M.J. (2009). *Developmental disorders of language learning and cognition*. Oxford: Wiley-Blackwell.

Ásthildur Bj. Snorradóttir. (2010). Að byrja nógu snemma: Markviss kennsla fyrir börn sem eiga í erfiðleikum með mál og lestur. *Talfræðingurinn, 21*(1), 20–22.